

-----Original Message-----

From: Páll V Sigurðsson <pvs@simnet.is>

Sent: miðvikudagur, 5. september 2018 23:31

To: Gunnar Einarsson <gunnar@gardabaer.is>

Subject: Rósin - Söngbók heldri borgara

Heill og sæll Gunnar

Páll V Sigurðsson heiti ég og er í Kiwanisklúbbnum Hraunborgu. Ég bjó 15 ár í Garðabæ og við hittumst þó nokkuð oft, gengum saman að nýju húsi Náttúrufræðistofnunar í Urriðaholti og síðast hittumst við í Leifsstöð. Ég leita til Garðabæjar, þín, vegna útgáfu bókarinnar, Rósin- Söngbók heldri borgara, sem ég tók saman. Mér þætti vænt um að þú gæfir þér tíma til að kynna þetta verkefni hér fyrir neðan og vona þú lítir jákvæðum augum á. Hvatinn að þessu verkefni var sá að ég gaf Líknardeildinni í Kópavogi átta söngbækur og sá ég þá hve þetta var heilstyrkjandi fyrir þá sem voru rólfærir. Þetta er lýðheilsuverkefni sem stuðlar að auknum lífsgæðum aldraðra. Sjá viðhengi. Styrktarsjóðurinn Rósin, sem er í umsjón Kiwanisklúbbsins Hraunborgar, stefnir að að gefa út söngbókina, Rósin – Söngbók heldri borgara og afhenda bókina dvalar- og hjúkrunarheimilum og félagsmiðstöðvum bókina án endurgjalds. Söngbókin verður tileinkuð eldri borgurum á Íslandi. Ætlunin er að fjármagna verkefnið með styrk frá góðum bakhjörllum. Gegn innlögnum í sjóðinn fá þeir sem styrkja þetta verkefni kvittun frá styrktarsjóðnum og lógóið sitt á bókina. Auk þess yrði haldin sérstök kynningarsamkoma í haust þar sem sagt yrði frá bókagjöfnni og hún afhent formlega. Kiwanisklúbburinn Hraunborg hefur umsjón með styrktarsjóðnum og stofnar sérstakan reikning fyrir sjóðinn og skipar umsjónarmann með sjóðnum. Við ætlum að afhenda 2000 bækur. Bókin yrði eign viðkomandi stofnunar og fer ekki í sölu. Leturprent sér um prentun og Hraunborg hefur umsjón með útgáfu bókarinnar. Bókin kostar 700 kr. með stefgjöldum. Svo í heild er kostnaðurinn 1.400.000. Kannski vill Garðabær styrkja verkefnið um 100 – 300.000 kr. eða aðra upphæð. Reykjavík hefur þegar lofað styrk og Hafnarfjörður er í vinnslu.

Nánari skýringar

Félag krabbameinssjúkra barna gaf söngbókina Lífspærlur, (sömu söngtexta) út til styrktar starfsemi sinni og gekk það mjög vel. Eftir að þeirri sölu lauk hafa margir leitað til mín og spurt um bókina, t.d. þjónustuaðilar hjá félagsmiðstöðvum aldraðra og nú í ár sendi Gylfi Gylfason, söngstjóri eldri borgara RVK, mér umsögn bókina þar sem hann sagði að söngbókin hentaði sínu fólki mjög vel. Sama sagði Pétur Magnússon forstjóra Hrafnistu og starfsfólk hans Pétur hefur tekið að sér að senda bréf (fór 20/8.) til allra dvalar-, dagvistar- og hjúkrunarrýma á Íslandi í samvinnu við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu þar sem þeim er boðið að panta bókina (bækur) og skila pöntunum í síðasta lagi fyrir 10. september. Greinilega er þörf fyrir bókina. Sjá viðhengi Kærar kveðjur!

Fyrir hönd Kiwanisklúbbsins Hraunborgar

Páll V Sigurðsson pvs@simnet.is